

Læknaþing

Læknafélag Íslands í samvinnu við Læknafélag Reykjavíkur,
læknaráð LSH og undirbúningsnefnd læknaráðs
Heilsugæslunnar í Reykjavík

Efni: **Sjúklingar og læknar í samfélaginu – staða þeirra og hlutskipti**

Staður: Salurinn í Kópavogi

Tími: Föstudagur 1. október 2004, kl. 13-16

Pingforseti: Friðbjörn Sigurðsson, formaður Læknaráðs Landspítala

Leiðarstef dagsins: **Professionalism**
Jim Appleyard, forseti World Medical Association

Erindi: **Hagur sjúklinga – skyldur lækna**
Elínborg Bárðardóttir, formaður Félags íslenskra heimilislækna

Hagur sjúklinga – skyldur lögfræðinga
Dögg Pálsdóttir, lögmaður

Hagur sjúklinga – skyldur fréttamanna
Robert Marshall, formaður Bláðamannafélags Íslands

Hagur sjúklinga – trúnaðarsamband lækna og samfélags
Óskar Einarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur

Umræður og fyrirspurnir til fyrirlesara

Opið öllum læknum



Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum

HÁSKÓLINN Á Akureyri hefur gefið út **Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum** sem er safn 26 ritgerða eftir jafnmarga höfundu. Ritstjórar bókarinnar eru dr. Sigríður Halldórsdóttir og dr. Kristján Kristjánsson prófessorar við Háskólann á Akureyri.

Tæpast þarf að fjölyrða um þörfina á bók sem þessari í þeirri gróskutíð sem nú ríkir í íslenskum heilbrigðisvísindum. Eins og fram hefur komið hér í blaðinu og víðar hafa fjölmörg fyrirtæki, stór og smá, haslað sér völl í íslenskum lífvísindum og starfsfólki í greininni fjölgað ört á síðustu árum.

Í frétt um útgáfu bókarinnar segir meðal annars að ritíð innihaldi „ekki eingöngu lýsingar á helstu rannsóknaraðferðum sem notaðar eru í íslenskum heilbrigðisvísindum ... heldur eru í ritinu einnig lýsingar

á mikilvægum undirbúningskrefum sem lúta að gerð rannsóknaráætlana, s.s. gagnasöfnun, úrtaksgerð, tölfræði og áreiðanleika mælitækja, ásamt köflum um rannsóknarsíðfræði.“

Í fréttinni er vitnað til orða dr. Björns Guðbjörns-sonar formanns Vísindasíðanefndar sem fagnar því að út sé komin bók um þetta efni sem miðuð er við íslenskar aðstæður að öllu leyti. „Það er fagnaðar-efni fyrir rannsóknarnema og kennara þeirra í heilbrigðisvísindum að fá í hendurnar ýtarlega íslenska kennslubók á þessu sviði sem mun auðvelda kennslu og stuðla þannig að enn vandaðri rannsóknavinnu í framtíðinni,“ segir Björn.

Bókin er gefin út í kiljuformi og er 481 bls. að stærð. Háskólaútgáfan dreifir bókinni og er viðmið-unarverð hennar 3500 krónur.

